

Samþykkt fyrir Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.

I. kafli

Almenn ákvæði.

1. gr.

Byggðasamlagið heitir „Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita“, kt. 580209-0170. Heimili þess er á Laugarvatni og varnarþing er hjá Héraðsdómi Suðurlands.

2. gr.

Aðild að byggðasamlaginu eiga eftirtalin sveitarfélög: Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Önnur sveitarfélög geta orðið aðilar að byggðasamlaginu með samþykki allra aðildarsveitarfélaganna.

3. gr.

Eignarhluti hvers aðildarsveitarfélags í byggðasamlaginu er í sömu hlutföllum og skipting framlaga þeirra til embættisins var að meðaltali á árunum 2016-2020 og skiptist svo:

Ásahreppur	6,7%
Bláskógabyggð	28,0%
Flóahreppur	11,7%
Grímsnes- og Grafningshreppur	30,2%
Hrunamannahreppur	9,3%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	14,2%

II. kafli

Hlutverk og valdheimildir.

4. gr.

Hlutverk byggðasamlagsins er að annast eftirfarandi verkefni:

1. Lögbundin verkefni byggingarfulltrúa samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010, með síðari breytingum, byggingarreglugerð nr. 112/2012, með síðari breytingum, og öðrum lögum og reglugerðum sem kveða á um hlutverk byggingarfulltrúa. Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð hafa sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna á grundvelli heimildar í 93. og 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, ákveðið að framselja til byggingarfulltrúa vald til að afgreiða, án staðfestingar skipulagsnefndar eða sveitarstjórnar, mál sem skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í fyrrgreindum lögum og reglugerðum enda sé tryggt að fyrirhugaðar framkvæmdir séu í samræmi við aðalskipulag viðkomandi sveitarfélags. Í viðauka 1 með samþykkt þessari er lýsing á helstu verkefnum byggingarfulltrúa sem og þeim valdheimildum sem sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna veita byggingarfulltrúa til fullnaðarafgreiðslu mála. Ákvarðanir byggingarfulltrúa eru fullnaðarákvarðanir, en um endurupptöku einstakra mála fer eftir ákvæðum 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Á fundi skipulagsnefndar skal byggingarfulltrúi kynna þær ákvarðanir sem hann tekur í umboði sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna.
2. Lögbundin verkefni skipulagsfulltrúa samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, með síðari breytingum. Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð hafa sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna ákveðið að framselja hluta skipulagsvaldsins, annars vegar til skipulagsnefndar og hins vegar til skipulagsfulltrúa. Í því framsali felst að ekki er krafist staðfestingar sveitarstjórnar á ákvörðunum skipulagsnefndar eða skipulagsfulltrúa. Afgreiðsla á málum sem varða svæðis- og aðalskipulag skal þó alltaf háð

samþykki sveitarstjórnar. Í viðauka 2 með samþykkt þessari eru tilgreindir þeir málaflokkar sem skipulagsnefnd er heimilt að afgreiða án staðfestingar sveitarstjórnar og í viðauka 3 eru tilgreindir þeir málaflokkar sem skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða án staðfestingar sveitarstjórnar. Þetta eru mál sem falla undir skipulagslög nr. 123/2010 og skilgreind eru sem verkefni sveitarstjórna í lögnum, sbr. heimild í 93. og 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ákvarðanir skipulagsfulltrúa eru fullnaðarákvarðanir, en um endurupptöku einstakra mála fer eftir ákvæðum 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Á fundi skipulagsnefndar skal skipulagsfulltrúi kynna þær ákvarðanir sem hann tekur í umboði sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna.

Stjórn byggðasamlagsins er heimilt að gefa út ítarlegri lýsingar á verkefnum skv. 1.–2. tölulið 1. mgr. innan heimilda skv. gildandi lögum og reglugerðum. Feli uppfærð lýsing í sér frekara framsal á valdi til töku ákvarðana um rétt eða skyldu manna umfram það sem lýst er í samþykkt þessari og meðfylgjandi viðaukum, öðlast lýsingin ekki gildi nema hún hafi hlotið samþykki sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna skv. 18. gr. samþykktar þessarar og viðkomandi ráðuneytis.

5. gr.

Valdheimildum byggðasamlagsins er nánar lýst í samþykkt þessari og viðaukum með henni. Byggðasamlagið og stjórn þess hefur ekki umboð til að skuldbinda aðildarsveitarfélögin umfram það sem getið er um í samþykkt þessari.

Byggðasamlagið skal fylgja ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um meðferð mála, skyldur og réttindi stjórnarmanna, starfslíð, fjármál og stjórnarsýslueftirlit auk þess að fylgja öðrum almennum reglum sem gilda um framkvæmd verkefna sveitarfélaga.

6. gr.

Byggðasamlaginu er heimilt að semja við einkaaðila, sbr. 100. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, um framkvæmd á þjónustu og/eða öðrum verkefnum í tengslum við þau verkefni sem byggðasamlagið sinnir f.h. aðildarsveitarfélaganna. Samningur við einkaaðila skv. framangreindu skal vera í samræmi við 2. mgr. 100. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 en samningurinn skal vera skriflegur og verkefnið afmarkað með skýrum hætti auk endurgjalds fyrir vinnuna. Áður en samningur er gerður skal áætlun um kostnað liggja fyrir í samþykkttri fjárhagsáætlun byggðasamlagsins eða viðauka við fjárhagsáætlun sem staðfestur hefur verið af sveitarstjórnnum allra aðildarsveitarfélaganna.

Byggðasamlaginu er heimilt að semja við einstök aðildarsveitarfélög um umsjón afmarkaðra verkefna er tengjast þjónustu við byggðasamlagið, s.s. launavinnslu, bókhaldsþjónustu og/eða fjármálaumsýslu.

III. kafli

Stjórnskipulag.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin tilnefna hvert um sig einn aðalmann og einn varamann í stjórn byggðasamlagsins að afloknum sveitarstjórnarkosningum og er kjörtímabil stjórnar það sama og sveitarstjórnar. Stjórnarfulltrúar skulu vera aðalmenn í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum og skal sá fundur haldinn eigi síðar en 1. ágúst. Fulltrúi fjölmennasta sveitarfélagsins boðar til fyrsta fundar og stýrir honum uns stjórnin hefur kosið formann.

Stjórnarmenn eru jafnframt fulltrúar í skipulagsnefnd og varamenn stjórnarmanna eru varamenn fulltrúa í skipulagsnefnd. Formaður skipulagsnefndar er sá sami og er formaður stjórnar byggðasamlagsins. Stærstu eigendur byggðasamlagsins, sveitarfélögin Grímsnes- og Grafningshreppur og Bláskógabyggð, skiptast á um að skipa sjöunda mann skipulagsnefndar og varamann hans þannig að fulltrúi Grímsnes og Grafningshrepps situr tvö fyrri ár kjörtímabils og fulltrúi Bláskógabyggðar tvö seinni ár kjörtímabils. Um verkefni skipulagsnefndar fer samkvæmt gildandi skipulagslögum.

8. gr.

Stjórn byggðasamlagsins og/eða skipulagsnefnd heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Halda skal stjórnarfund og/eða skipulagsnefndarfund óski a.m.k. helmingur fulltrúa í stjórn/skipulagsnefnd eftir því við formann. Formaður stjórnar, eða framkvæmdastjóri í umboði hans, semur dagskrá stjórnarfunda en formaður stjórnar eða skipulagsfulltrúi í umboði hans, semur dagskrá skipulagsnefndarfunda. Boða skal til fundanna með a.m.k. þriggja daga fyrirvara. Formaður stjórnar/skipulagsnefndar stýrir fundum. Stjórnarfundur og fundir skipulagsnefndar eru ályktunarhæfir ef meirihluti fulltrúa í stjórn/skipulagsnefnd er mættur til fundar. Aðalmenn í stjórn/skipulagsnefnd skulu boða forföll svo fljótt sem verða má eftir að fundarboð er sent og skal aðalmaður sem forfallast boða varamann í sinn stað.

Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála á stjórnarfundum. Standi atkvæði á jöfnu er málið fellt. Fundargerðir stjórnarfunda skulu sendar aðildarsveitarfélögunum til kynningar og eftir atvikum ákvarðanatöku.

9. gr.

Hlutverk stjórnar er að annast daglegan rekstur byggðasamlagsins í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar, að öðru leyti en því sem hún felur framkvæmdarstjóra að annast fyrir sína hönd.

10. gr.

Stjórn byggðasamlagsins ræður framkvæmdastjóra, skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa og gerir við þá ráðningarsamninga þar sem kveðið er á um starfskjör, réttindi og skyldur í starfi. Stjórn veitir sömu starfsmönnum lausn frá störfum. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk embættisins og gerir við það ráðningarsamninga þar sem kveðið er á um starfskjör, réttindi og skyldur í starfi. Ráðningin skal gerð í samráði við skipulagsfulltrúa og/eða byggingarfulltrúa eftir atvikum. Framkvæmdastjóri veitir sömu starfsmönnum lausn frá störfum.

IV. kafli

Rekstur og fjármál.

11. gr.

Stjórn byggðasamlagsins gerir fjárhagsáætlun fyrir byggðasamlagið ár hvert sem uppfyllir skilyrði sveitarstjórnarlaga og sendir sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar eigi síðar en 20. október ár hvert.

Stjórn byggðasamlagsins skal hafa eftirlit með því að rekstur sé í samræmi við fjárhagsáætlun.

Stjórn byggðasamlagsins getur ekki skuldbundið aðildarsveitarfélögin umfram það sem kveðið er á um í staðfestri fjárhagsáætlun byggðasamlagsins. Ákvarðanir um lántökur, húsnæðismál eða mál er varða útgjöld umfram fjárhagsáætlun byggðasamlagsins þarfnast staðfestingar sveitarstjórna allra aðildarsveitarfélaganna í formi viðauka við fjárhagsáætlun byggðasamlagsins.

12. gr.

Í byggðasamlaginu eru rekstrareiningar, sbr. 1. mgr. 4. gr. samþykktar þessarar, þ.e. byggingarmál og skipulagsmál.

13. gr.

Stjórn byggðasamlagsins gerir gjaldskrár sem tengjast verkefnum sem byggðasamlaginu hefur verið falið að sinna, s.s. á grundvelli laga um mannvirki og skipulagslaga. Gjaldskrár taka gildi þegar sveitarstjórnir allra aðildarsveitarfélaganna hafa samþykkt þær og þær hafa hlotið birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Byggðasamlagið annast í umboði aðildarsveitarfélaganna innheimtu byggingar- og framkvæmdaleyfisgjalda. Byggðasamlaginu er heimilt að fela öðrum aðila innheimtuna í samræmi við ákvæði 6. gr.

Tekjur byggðasamlagsins eru sértekjur sem koma fram í gjaldskrá samlagsins, s.s. vegna skipulagsvinnu, tekjur vegna þjónustusamninga, sölu á þjónustu sem tengist verksviði byggðasamlagsins eða annarra skyldra þátta auk framlaga aðildarsveitarfélaganna.

Upphæðir þjónustugjalda í gjaldskrá á grundvelli laga um mannvirki og skipulagslaga skulu taka mið af kostnaði við þjónustu og einstök verkefni og skulu þjónustugjöldin byggð á rekstraráætlun þar sem rökstudd eru þau atriði sem ákvörðun þjónustugjalda byggist á, enda mega þjónustugjöldin lögum samkvæmt ekki vera hærri en sá kostnaður.

Að því leyti sem tekjur samkvæmt gjaldskrá og þjónustusamningum standa ekki undir kostnaði við rekstur byggðasamlagsins skal kostnaðinum skipt milli aðildarsveitarfélaga á eftirfarandi hátt:

1. 20% er fastur kostnaður sem skiptist jafnt á öll aðildarsveitarfélögin.
2. 40% miðast við útgefin byggingar- og framkvæmdaleyfi í hverju aðildarsveitarfélagi. Hvert aðildarsveitarfélag ber kostnað hlutfallslega miðað við útgefin leyfi í sveitarfélaginu.
3. 40% miðast við fjölda mála sem lögð eru fram í skipulagsnefnd. Hvert aðildarsveitarfélag ber kostnað hlutfallslega miðað við fjölda mála á svæði sveitarfélagsins.

14. gr.

Aðildarsveitarfélögin bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við eignarhlutföll aðildarsveitarfélaganna.

15. gr.

Stjórn byggðasamlagsins staðfestir ársreikninga byggðasamlagsins fyrir ár hvert og miðast reikningsárið við almanaksárið. Ársreikningar byggðasamlagsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem stjórn þess ræður til starfsins. Senda skal fullgerðan ársreikning, staðfestan af stjórn byggðasamlagsins og áritaðan af endurskoðanda, til allra aðildarsveitarfélaga fyrir 15. maí ár hvert.

16. gr.

Byggðasamlagið skal sjá um vistun allra skjala, vegna afgreiðslu einstakra mála og skjala er varða rekstur byggðasamlagsins, með fullnægjandi hætti. Skjalavistun og meðferð skjala skal vera í samræmi við gildandi lög um opinber skjalasöfn eins og þau eru á hverjum tíma. Skjöl skulu jafnframt afhent á viðeigandi skjalasafn í samræmi við ákvæði fyrrgreindra laga.

Sveitarstjórnir og endurskoðendur aðildarsveitarfélaganna eiga rétt á aðgangi að öllum gögnum um rekstur og stjórnslu byggðasamlagsins. Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna eiga jafnframt rétt á að fá afhend öll gögn vegna afgreiðslu einstakra mála er varða viðkomandi aðildarsveitarfélag.

V. kafli
Aðalfundir.

17. gr.

Aðalfund byggðasamlagsins skal halda einu sinni á ári, að jafnaði að hausti. Stjórn byggðasamlagsins ákveður hvar og hvenær aðalfundur er haldinn en formaður stjórnar byggðasamlagsins eða framkvæmdastjóri í umboði formanns, ákveður dagskrá og boðar til aðalfundarins með a.m.k. viku fyrirvara.

Rétt til setu á aðalfundi eiga kjörnir aðalmenn og varamenn í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna, framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaganna, auk lykilstarfsmanna byggðasamlagsins og aðildarsveitarfélaganna. Stjórn byggðasamlagsins getur ákveðið að bjóða öðrum aðilum til fundarins með hliðsjón af því hvaða mál eru tekin á dagskrá.

Á aðalfundi er gerð grein fyrir rekstri byggðasamlagsins, fjárhagsáætlun og öðrum málum sem formaður stjórnar byggðasamlagsins ákveður.

VI. kafli

Breyting á samþykkt, úrganga, slit og gildistaka.

18. gr.

Breytingar á samþykkt þessari skal taka fyrir í stjórn byggðasamlagsins og skal stjórnin vísa breytingum til allra sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna til samþykkis. Þegar breytingar á samþykkt þessari hafa verið samþykktar í sveitarstjórnnum allra aðildarsveitarfélaganna og viðkomandi ráðuneyti hefur veitt samþykki sitt skal auglýsa samþykktina í B-deild Stjórnartíðinda. Samþykktin tekur gildi við auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt þessa skal endurskoða ef eitthvert aðildarsveitarfélaganna telur ástæðu til þess, s.s. ef breytingar verða á lögum og reglum sem varða verulega starfsumhverfi byggðasamlagsins.

19. gr.

Aðildarsveitarfélagi er heimilt að ganga úr byggðasamlaginu, hafi sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags samþykkt ákvörðun þess efnis á löglega boðuðum fundi sveitarstjórnarinnar. Tilkynning um úrsögn skal tilkynnt formanni og framkvæmdastjóra byggðasamlagsins með skriflegum og sannanlegum hætti með tveggja ára fyrirvara og miðast uppsagnarfresturinn við næstu áramót eftir að tilkynning er móttækin. Við úrgöngu úr byggðasamlaginu á sveitarfélag engan endurkröfurétt vegna stofnkostnaðar eða annars kostnaðar vegna starfsemi byggðasamlagsins. Við innlausn á eignarhlut sveitarfélagsins skulu þau sveitarfélög, sem eftir standa í byggðasamlaginu, greiða sveitarfélaginu, sem gengur úr byggðasamlaginu, nettó hluta bókfærðra eigna skv. síðasta ársreikningi byggðasamlagsins, í samræmi við eignarhlut sveitarfélagsins sem gengur út. Sveitarfélögin eignast eignarhlutann í þeim hlutföllum sem þau greiða fyrir hlutina. Aðildarsveitarfélögin sem standa að byggðasamlaginu skulu samhliða innlausn hluta gera breytingu á samþykktum þessum s.s. vegna tilnefningar stjórnarmanna.

Sveitarfélagið sem gengur úr byggðasamlaginu ber ábyrgð á skuldbindingum þess í samræmi við eignarhluta sinn þar til úrganga hefur tekið gildi en eftir það tímamark ber viðkomandi sveitarfélag ekki ábyrgð á skuldbindingum byggðasamlagsins, nema um það sé sérstaklega samið. Sé um að ræða langtímaskuldbindingar byggðasamlagsins s.s. vegna ákvarðana sem teknar voru áður en úrgangan tók gildi, ber sveitarfélagið sem gengur úr byggðasamlaginu, ábyrgð á þeim með öðrum aðildarsveitarfélögum í samræmi við samþykktir þessar, nema að um annað sé samið.

Um úrgöngu sveitarfélags gilda að öðru leyti ákvæði 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

20. gr.

Tillaga um slit byggðasamlagsins skal berast formanni og framkvæmdastjóra byggðasamlagsins og skal tillagan borin undir fund stjórnar svo fljótt sem verða má. Stjórnin skal vísa ákvörðun um slit til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga. Tillaga um slit byggðasamlagsins telst samþykkt ef a.m.k. 2/3 hlutar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna samþykkja slitin. Við slit byggðasamlagsins ganga eignir byggðasamlagsins eða eftir atvikum skuldir til sveitarfélagana í samræmi við eignarhluta hvers sveitarfélags í byggðasamlaginu.

Um slit byggðasamlagsins gilda að öðru leyti ákvæði 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

21. gr.

Samþykkt þessi skal hljóta staðfestingu sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna og staðfestingu viðkomandi ráðuneytis. Samþykktin öðlast gildi við auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt falla úr gildi samþykktir byggðasamlagsins frá 19. apríl 2017.

?? . ??? 2021

F.h. Ásahrepps

F.h. Bláskógabyggðar

F.h. Flóahrepps

F.h. Grímsnes- og Grafningshrepps

F.h. Hrunamannahrepps

F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Viðauki 1

Byggingarmál, sbr. 1. tölulið 1. mgr. 4. gr. samþykktarinnar

Hlutverk byggingarfulltrúa er skilgreint í lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012, með áorðnum breytingum. Byggingarfulltrúi hefur yfirumsjón með byggingarmálum, úttektum eftirliti, skráningu eigna í fasteignaskrá, lóðarskráningu, landupplýsingakerfi o.fl.

Helstu verkefni byggingarfulltrúa eru eftirfarandi:

- Yfirferð gagna í tengslum við umsókn um byggingarleyfi vegna mannvirkjagerðar.
- Yfirferð teikninga, s.s. lóðablaða og mæliblaða, teikninga, burðarvirkis og lagnateikninga. Einnig brunahönnunargögn o.fl.
- Yfirferð á skráningartöflum fyrir stærðir mannvirkja, flokkun og notkun eigna og skráning mannvirkja inn til Þjóðskrár Íslands vegna mats á fasteignum.
- Samþykkt byggingaráforma vegna mannvirkjagerðar.
- Útgáfa byggingarleyfa fyrir byggingarleyfiskyld mannvirki.
- Innheimta byggingarleyfisgjalda, stöðuleyfa, starfs- og rekstrarleyfa o.fl.
- Eftirlit með að hönnuðir, hönnunarstjórar, byggingarstjórar og iðnmeistarar hafi starfsleyfi og tryggingar, auk þess að hafa gilt gæðakerfi.
- Úttektir á mannvirkjum líkt og krafist er í lögum og reglugerðum um áfanga-, stöðu-, öryggis- og lokaúttektir. Yfirferð vottunar byggingarefnis.
- Yfirferð eignaskiptasamninga.
- Umsagnir vegna starfs- og rekstrarleyfisumsókna.
- Varðveisla gagna vegna ofangreindra mála.
- Afgreiðsla byggingarmála innan þeirra valdheimilda sem honum hafa verið veitt af hendi sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins.
- Ráðgjöf til skipulagsfulltrúa, skipulagsnefndar, sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga og annarra starfsmanna byggðasamlagsins um málefni sem varða byggingarmál.

Valdheimildir byggingarfulltrúa til fullnaðarafgreiðslu mála:

1. gr.

Á grundvelli heimildar 93. og 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er byggingarfulltrúa Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. falið að afgreiða, án staðfestingar sveitarstjórnar, mál er falla undir lög um mannvirki nr. 160/2010 með síðari breytingum og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögnum.

2. gr.

Undanskildar frá afgreiðslum skv. 1. gr. eru nafngiftir á götum, vegum og torgum.

3. gr.

Byggingarfulltrúa er falið að taka ákvörðun um að grenndarkynna mál í neðangreindum málstilvikum þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir. Við ákvörðun sína skal byggingarfulltrúi gæta þess að uppfylla ákvæði laga og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunar- og skipulagsskilmála sem og samþykktir sveitarfélagsins um byggingarmál, enda sé tryggt að byggingarnar séu innan nýtingarhlutfalls viðkomandi sveitarfélags skv. aðalskipulagi og skerði ekki hagsmunum aðliggjandi lóðarhafa. Ef athugasemdir berast við grenndarkynningu skal málinu vísað til skipulagsnefndar til afgreiðslu að grenndarkynningar-

tíma loknum en ef engar athugasemdir berast er byggingarfulltrúa heimilt að gefa út byggingarleyfi án frekari aðkomu skipulagsnefndar eða sveitarstjórnar.

- Viðbyggingar við sumarhús þar sem útliti er ekki breytt og sama hæð eða lægri er á viðbyggingu og því húsi sem fyrir er. Viðbygging er innan byggingarreits og að lágmarki 10 metrar eru frá útvegg viðbyggingar að lóðarmörkum. Ef vafi leikur á lóðarmörkum skal byggingarfulltrúi vísa málinu til skipulagsnefndar.
- Viðbyggingar við íbúðarhús þar sem útliti er ekki breytt og sama hæð eða lægri er á viðbyggingu og því húsi sem fyrir er. Viðbygging er innan byggingarreits og að lágmarki 10 metrar eru frá útvegg viðbyggingar að lóðarmörkum. Ef vafi leikur á lóðarmörkum skal byggingarfulltrúi vísa málinu til skipulagsnefndar.
- Viðbyggingar við landbúnaðarbyggingar þar sem útliti er ekki breytt og sama hæð eða lægri er á viðbyggingu og því húsi sem fyrir er. Ef vafi leikur á lóðarmörkum eða landamörkum skal byggingarfulltrúi vísa málinu til skipulagsnefndar
- Eitt lítið hús, s.s. gestahús, bílskúr (viðbygging eða stakstæður), vinnustofa o.þ.h. á lóð þar sem þegar er til staðar íbúðar- eða frístundahús, enda sé um að ræða hús sem er hluti þeirrar eignar sem fyrir er á lóðinni og eftirfarandi kröfur eru uppfylltar:
 - Húsið er innan byggingarreits eða innan 10 metra frá lóðarmörkum.
 - Flatarmál hússins sé að hámarki 40 m² eða skv. aðalskipulagi sveitarfélagsins.
 - Mesta hæð á þaki húss sé 3,5 metrar, mælt frá yfirborði jarðvegs.

Byggingarfulltrúi getur ávallt vísað máli til skipulagsnefndar til fullnaðarafgreiðslu, s.s. ef lög, reglur, skipulag eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu byggingarfulltrúa skal byggingarfulltrúi vísa málinu til afgreiðslu skipulagsnefndar.

Viðauki 2

Skipulagsmál, sbr. 2. tölulið 1. mgr. 4. gr. samþykktarinnar

Skipulagsnefnd

Skipulagsnefnd er faglegur vettvangur fyrir umræðu og stefnumörkum í skipulagsmálum. Nefndarmönnum ber að kynna sér og hafa yfirsýn yfir þróun málaflokka sem varða skipulagsmál á starfssvæði byggðasamlagsins og er skipulagsnefndinni ætlað að hafa forgöngu um gerð skipulagsáætlana eftir því sem þörf krefur og leggja línur um áherslur og efni fyrir viðkomandi sveitarstjórnir til ákvörðunar.

Helstu verkefni skipulagsnefndar:

- Metur hvort veita eigi einkaaðilum heimild til að vinna deiliskipulag á grundvelli lýsingar
- Umsjón með samráðsferli, skipulagsvinnu og umhverfismati aðal- og deiliskipulags
- Ákveður málsmeðferð skipulagsbreytinga (verulegar / óverulegar)
- Fjallar um ábendingar og athugasemdir við lýsingar, skipulagstillögur og grenndarkynningar
- Ákveður málsmeðferð vegna leyfisumsókna sem ekki eru í samræmi við skipulag.
- Veitir umsagnir um framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum, um kærur o.fl.
- Afgreiðsla skipulagsmála innan þeirra valdheimilda sem nefndinni hefur verið veitt af hendi sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins.
- Gerir tillögu til sveitarstjórnar um endanlega afgreiðslu mála

Valdheimildir skipulagsnefndar til fullnaðarafgreiðslu mála:

1. gr.

Skipulagsnefnd er heimilt að afgreiða án staðfestingar sveitarstjórnar mál á verksviði nefndarinnar ef:

- a) lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
- b) þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun,
- c) þau víkja ekki frá stefnu sveitarstjórnar í veigamiklum málum, s.s. stefnu gildandi svæðis- og aðal- og deiliskipulagsáætlana, umhverfis- og samgöngustefnu og byggingarlistastefnu sveitarfélagsins,
- d) skipulagsnefndarmaður viðkomandi sveitarfélags leggst ekki gegn því.

Skipulagsnefnd skal alltaf vísa erindi til viðkomandi sveitarstjórnar til ákvörðunar ef skipulagsnefndarmaður viðkomandi sveitarfélags óskar eftir því.

2. gr.

Skipulagsnefnd afgreiðir eftirtalin verkefni skipulagslaga nr. 123/2010 án staðfestingar sveitarstjórnar, sbr. 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga:

1. Ákvörðun um hvort að gerð sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi til samræmis við innkomin erindi með vísan til 38. gr. skipulagslaga.

2. Samþykkt og kynning lýsingar deiliskipulags samkvæmt ákvæðum, sbr. 1.-3. mgr. 40. gr. skipulagslaga.
3. Ákvörðun um og samþykkt óverulegra breytinga á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga.
4. Ákvörðun samkvæmt 44. gr. skipulagslaga um útgáfu byggingar- eða framkvæmdaleyfis þar sem deiliskipulag er ekki í gildi en framkvæmdin er í samræmi við skilmála aðalskipulags, landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar.
5. Ákvarðanir samkvæmt 48. gr. skipulagslaga um skiptingu landa og lóða.
6. Ákvörðun um samþykkt á framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga þegar deiliskipulag liggur ekki fyrir.
7. Ákvörðun um samþykkt og útgáfu á framkvæmdaleyfi matsskyldra framkvæmda skv. 14. gr. skipulagslaga.
8. Ákvörðun um að staðfesta stöðvun skipulagsfulltrúa á framkvæmdum sem hafnar eru án framkvæmdaleyfis, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag eða það er fallið úr gildi. sbr. 53.gr. skipulagslaga.
9. Ákvörðun um að beita dagsektum í samræmi við 54. gr. skipulagslaga.

3. gr.

Fundargerðir skipulagsnefndar skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar.

4. gr.

Eftir að skipulagsnefnd hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til þeirrar sveitarstjórnar sem málið varðar.

5. gr.

Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga UTU bs. fela skipulagsfulltrúa Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. að afgreiða mál á starfssviði hans, sem heyra undir skipulagsnefnd sbr. viðauka 3. Skipulagsnefnd hefur eftirlit með afgreiðslum skipulagsfulltrúa og skulu þær kynntar á næsta reglulega fundi skipulagsnefndar.

Viðauki 3

Skipulagsmál, sbr. 2. tölulið 1. mgr. 4. gr. samþykktarinnar

Skipulagsfulltrúi

Hlutverk skipulagsfulltrúa er skilgreint í skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með áorðnum breytingum. Skipulagsfulltrúi er faglegur ráðgjafi skipulagsnefndar og hann situr fundi skipulagsnefndar með málfrelsi og tillögurétt. Skipulagsfulltrúa ber að hafa góða yfirsýn yfir þau lög og reglugerðir er varða skipulagsmál.

Helstu verkefni skipulagsfulltrúa eru eftirfarandi:

- Móttaka umsókna um skipulagsmál og framkvæmdaleyfi, yfirfara þau gögn sem lögð eru fram og undirbúa mál fyrir afgreiðslu í skipulagsnefnd og sveitarstjórnnum. Með skipulagsmálum er m.a. átt við breytingar á aðalskipulagi, deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi.
- Tryggja rétta málsmeðferð skipulagsáætlana og framkvæmdaleyfisumsókna, þ.e. kynningu og auglýsingar ásamt nauðsynlegum samskiptum við opinbera aðila, almenning og aðra hagsmunaaðila.
- Umsjón með að skipulags- og framkvæmdaleyfisgögn uppfylli ákvæði gildandi laga og reglugerða á hverjum tíma.
- Umsjón með framkvæmd mála sem varða stofnun nýrra lóða eða breytingar á þeim.
- Afgreiðsla skipulagsmála innan þeirra valdheimilda sem honum hafa verið veitt af hendi sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins.
- Ráðgjöf til byggingarfulltrúa, skipulagsnefndar, sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga og annarra starfsmanna byggðasamlagsins um málefni sem varða skipulagsmál.

Valdheimildir skipulagsfulltrúa til fullnaðarafgreiðslu mála:

1. gr.

Á grundvelli heimildar 93. og 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er skipulagsfulltrúa falið að afgreiða eftirtalin verkefni skipulagslaga nr. 123/2010, án staðfestingar sveitarstjórnar, sem eru á verkefnasviði skipulagsnefndar, sbr. 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga:

1. Skipulagsfulltrúa er heimilt að ákveða að grenndarkynna tillögur að óverulegum breytingum á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ef minniháttar athugasemdir berast á athugasemdatíma við grenndarkynningu er skipulagsfulltrúa heimilt að afgreiða slík mál án staðfestingar skipulagsnefndar. Minniháttar athugasemdir skal meta með hliðsjón af skuggavarpi, innsýn eða byggðamynstri og mögulegri skerðingu á hagsmunum nágranna.
2. Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða auglýstar skipulagstillögur sem engar athugasemdir berast við, skv. 2. mgr. 36. gr. og 3. málsgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, nema skipulagsnefnd ákveði annað þegar samþykkt er að auglýsa tillögurnar.
3. Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða tillögu um óverulega breytingu á deiliskipulagi til Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, hafi engar athugasemdir borist við grenndarkynningu.

4. Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða tillögu um óverulega breytingu á deiliskipulagi til Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga.
5. Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða tillögu um deiliskipulag ef fallist er á allar athugasemdir Skipulagsstofnunar um form deiliskipulagstillögu skv. 5. ml. 1. mgr. 41. gr. laganna.
6. Skipulagsfulltrúa er heimilt að framlengja frest til að gera athugasemdir við auglýstar eða grenndarkynntar tillögur.
7. Skipulagsfulltrúa er heimilt að senda Skipulagsstofnun samþykta deiliskipulagsbreytingu sem auglýst hefur verið og engar eða minniháttar athugasemdir borist við að birta auglýsingu um samþykkt hennar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 42. gr. skipulagslaga, nema skipulagsnefnd ákveði annað.
8. Skipulagsfulltrúa er heimilt að fresta afgreiðslu erinda þegar fyrir liggur ákvörðun sveitarstjórnar um að hefja vinnslu deiliskipulags eða hverfisskipulags fyrir viðkomandi svæði. Ekki er heimilt að fresta erindi í lengri tíma en í 12 mánuði frá því að umsókn berst nema skipulagsfulltrúi telji málefnalegar ástæður vera fyrir hendi til að veita lengri frest.
9. Skipulagsfulltrúi afgreiðir mál sem varða meðferð og útgáfu framkvæmdaleyfa skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir framkvæmdir sem eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir. Skipulagsfulltrúa er heimilt að leita eftir umsögnum viðeigandi umsagnaraðila áður en tekin er afstaða til útgáfu framkvæmdaleyfis, sbr. 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga og ef framkvæmdin fellur undir C-flokk framkvæmda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.
10. Skipulagsfulltrúi getur, með þriggja mánaða fyrirvara, lagt dagsektir á framkvæmdaleyfishafa hafi framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd stöðvast í tvö ár. Skipulagsfulltrúa er heimilt að beita dagsektum til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt skipulagslögum eða láta af atferli sem er ólöglegt.
11. Skipulagsfulltrúa er heimilt að stöðva framkvæmd sem er hafin án þess að framkvæmdaleyfi sé fengið fyrir henni, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag, hafi fallið úr gildi eða framkvæmd sé í ósamræmi við útgefið framkvæmdaleyfi eða skilyrði þess. Einnig getur skipulagsfulltrúi krafist þess að hin ólöglega framkvæmd sé fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni framkvæmdaraðili ekki þeirri kröfu er heimilt að framkvæma slíkar aðgerðir á hans kostnað.
12. Skipulagsfulltrúa er heimilt að framsenda, vísa frá eða synja erindum sem beint er til skipulagsnefndar og eru bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir.

Um afgreiðslur skipulagsfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010, ákvæði reglugerða settra á grundvelli laganna og samþykktir sveitarstjórnar ef við á.

2. gr.

Afgreiðslur skipulagsfulltrúa sem taldar eru upp í 1. gr. viðauka 3 skulu lagðar fram og kynntar á næsta reglulega fundi skipulagsnefndar og teljast sem hluti fundargerðar nefndarinnar. Afgreiðslur skipulagsfulltrúa eru ekki teknar til annarrar afgreiðslu á fundum nefndarinnar. Listi yfir afgreiðslur skipulagsfulltrúa skv. 1. lið skal þannig fylgja fundargerð skipulagsnefndar til sveitarstjórnar og vera undirritaður af nefndarmönnum skipulagsnefndar til staðfestingar á að kynningin hafi farið fram. Koma skal fram nafn umsækjanda, um hvað var sótt og hvernig afgreiðslu málið fékk hjá skipulagsfulltrúa.

3. gr.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. gr. til skipulagsnefndar til fullnaðar-afgreiðslu, s.s. ef lög, reglur, skipulag eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er

stefnumarkandi. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu skipulagsfulltrúa skal skipulagsfulltrúi vísa málinu til afgreiðslu skipulagsnefndar.

4. gr.

Eftir að skipulagsfulltrúi hefur tekið ákvörðun skv. 1. gr. og hún verið tilkynnt málsaðila með formlegum hætti, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til þeirrar sveitarstjórnar sem málið varðar.